



Kæru vinir og félagar innilega til hamingju með baráttudag verkalýðsins.

Ég vil byrja ræðu mína á að upplýsa og rifja upp fyrir ykkur það miskunnarlausa óréttlæti sem íslenskt verkafólk þarf að þola. Í síðustu viku gekk sumarið í garð með blóm í haga. En sumarið tók ekki vel á móti ræstingarkonunum í Fjölbrautaskóla Vesturlands, því daginn eftir sumardaginn fyrsta var þeim afhent uppsagnarbréf þar sem fram kemur að vegna hagræðingar í rekstri og endurskipulagningar á ræstingarmálum skólans sé þeim sagt upp störfum.

Það er óhætt að segja að það hafi skolið á suðvestan stórhrið í fangið á þessum mætu konum sem hafa séð um að ræsta skólann í tugi ára og er sú sem er með lengstan starfsaldur búin að starfa við ræstingarnar í uppundir 30 ár.

Enn og aftur ríða snillingar hagræðingar fram og í þessu tilfelli er það nýráðinn skólameistari skólans. Hún telur eins og svo margir aðrir stjórnendur í íslensku atvinnulífi og stofnunum að mestu sparnaðarmöguleikarnir liggi í kjörum ræstingafólks. Þessum harðneskjulegu aðgerðum verður ekki lýst í fáum orðum að enn og aftur sé ráðist að kjörum þeirra sem síst skyldi.

Þessar konur starfa eins og áður sagði í Fjölbrautaskóla Vesturlands. Á sama tíma og þeim er sagt upp þá gilda önnur lög mál um aðra starfsmenn skólans. Einfaldlega vegna þess að það hefur verið samið við kennara um allt að 30% kjarabætur að undanfögnu.

Verkalýðsfélag Akraness mótmælir þessari aðför að kjörum þessara kvenna harðlega og þetta sýnir svo ekki verður um villst að svona miskunnarlaust ofbeldi þurfa mörg kvenna- og lágtekjustörf að þola og því verður að mæta af fullri hörku.

Verkalýðsfélag Akraness mun skoða hvað hægt er að gera varðandi þetta mál en siðferðislega liggur ábyrgðin hjá skólameistararnum og það að hafa brjóst í sér til að ráðast á kjör þessara kvenna er formanni



algjörlega óskiljanlegt og það á sama tíma og aðrir innan stofnunarinnar hafa fengið kjarabætur sem nema allt að 30% eins og áður sagði.

Það er ömurleg lenska að stjórnendur skuli ávallt horfa til ræstingar, mótuneytis, þvottahúss og slíkra láglaunastarfa þegar kemur að hagræðingu en þessu ágæta fólki dettur ekki í hug að kíkja á hvort ekki sé hægt að leita hagræðingar á meðal æðstu stjórnenda eða jafnvel í sínum eigin kjörum. Hafi skólameistarinn skömm fyrir þessa framgöngu og skora ég á hann að draga þessar uppsagnir tafarlaust til baka og leita annarra leiða en að fara í vasa íslensks lágtekjufólks til hagræðingar.

Þessar uppsagnir ræstingafólksins í Fjölbrautaskóla Vesturlands lýsa í hnotskurn því ofbeldi og óréttlæti sem íslenskt lágtekjufólk má ítrekað þola. Ég varð að koma þessu máli að í þessari 1. maí ræðu minni því mér ofbýður hvernig stjórnendur haga sér oft á tíðum gagnvart þessum störfum sem eru bráðnauðsynleg hverri stofnun og fyrirtækjum.

Ágætu félagar

Það er þyngra en tárur taki að í hvert einasta sinn sem kemur að kjarasamningum verkafólks þá spretta allir helstu óhróðursmeistararnir fram og skella rispaðri plötu á fóninn þar sem hræðsluáróðurinn og varnaðarorðin óma um allt íslenskt samfélag á nýjan leik.

Varnaðarorð eins og: „Þið verðið að semja um afar hófstilla samninga, alls ekki meira en 3 til 4% á ári því annars fer allt til andskotans! „Verðbólgan rýkur upp, gengið fellur og stöðugleikinn verður rústir einar!“ Á þessu hefur til dæmis verið hamrað í margfrægri auglýsingu frá Samtökum atvinnulífsins í gegnum tíðina.



Þessari rispuðu plötu er ætíð skellt á fóninn þegar kemur að því að semja um kaup og kjör á hinum almenna vinnumarkaði. Því miður eru æði margir sem syngja sönginn um að hópar íslensks verkafólks og iðnaðarmanna eigi einir að bera ábyrgð á stöðugleika í íslensku samfélagi. Þennan söng syngja hátt og skýrt forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins, greiningarstjórar bankanna og fulltrúar stjórnvalda að ógleymdum seðlabankastjóra.

Það er morgunljóst og hvellskýrt að söngur forsvarsmanna Samtaka atvinnulífsins er rammfalskur og alþýða þessa lands hlustar alls ekki lengur á þessa rispuðu plötu.

Enda ætlar verkafólk ekki lengur að láta níðast á sér eins og gert hefur verið á undanförnum árum, verkafólk ætlar að berjast fyrir sínum kjörum af fullri hörku og þess vegna hóf verkafólk verkfall í gær en það hefur ekki verið gripið til þess neyðarréttar í áratugi. Því miður er íslenskt verkafólk nauðbeygt til að grípa til verkfallsvopnsins til að knýja fram afar sanngjarna og réttláta kröfu um að laun verkafólks dugi fyrir þeim framfærsluviðmiðum sem hið opinbera hefur gefið út, en slíku er ekki til að dreifa í dag .

Já það er óhætt að segja að íslenskt verkafólk standi frammi fyrir gríðarlegri áskorun þessa dagana, áskorun sem byggist á því að berjast af alefli gegn því miskunnarlausu óréttlæti og þeirri misskiptingu sem íslenskt verkafólk hefur mátt þola á undanförnum árum og áratugum.

Því miður eru launakjör verkafólks með þeim hætti að það er útilokað að hægt sé að lifa á þeim launatöxtum sem verkafólki á hinum almenna vinnumarkaði stendur til boða en þeir eru frá 201 upp í 238 þúsund á mánuði. Það sjá allir vitibornir menn að á slíkum launum er útilokað að fæða og klæða sig og sína og halda mannlegri reisn.

Krafa verkafólks er afar sanngjörn en hún byggist á því að lágmarkslaun verði komin upp í 300.000 kr. á mánuði innan þriggja ára sem þýðir að mánaðarlaun verkafólks myndu hækka að meðaltali



um 33 þúsund á ári næstu 3 árin. Já ég get svo sannarlega tekið undir að ef eitthvað er þá sé þetta alltof hógvær krafa.

En hvað segir valdaelítan um þessar hógværu launakröfur verkafólks eins og t.d. þeir sem stjórna Samtökum atvinnulífsins og já eða fulltrúar Seðlabankans og stjórnvalda. Jú, þessir aðilar hafa teiknað upp sviðsmynd sem lýsir ástandinu ef kröfur verkafólks um 300.000 króna lágmarkslaun innan þriggja ára ná fram að ganga og sú sviðsmynd er mun verri en þegar allt efnahagslíf landsins hrundi í október 2008. Samtök atvinnulífsins sögðu að verðbólgan færi upp í 27% og verðtryggðar skuldir heimilanna myndu hækka um 500 milljarða ef gengið yrði að kröfum verkafólks.

Þetta eru miklu verri afleiðingar en þegar bankahrunið varð en þá fór verðbólgan upp í 18% og verðtryggðar skuldir heimilanna hækkuðu um 400 milljarða. Nei, hræðsluáróðurinn ríður ekki við einteyming hjá valdaelítu þessa lands. Afleiðingarnar verri heldur en sjálft bankahrunið ef verkafólk hækkar um 33.000 kr. á mánuði.

Valdaelítan öskrar hátt og skýrt að við þurfum stöðugleika. Ég spyr í hverju er sá stöðugleiki fólgin? Er hann kannski fólgin í að:

- Hækka stöðugt laun forstjóra
- Eða hækka stöðugt laun stjórnenda íslenskra fyrirtækja um 600 þúsund á mánuði eins og kom fram í tekjublaði Frjálsrar verslunar 2013.
- Eða er hann fólgin í að hækka stöðugt arðgreiðslur til eigenda íslenskra fyrirtækja.
- Eða er stöðugleikinn fólgin í því að hækka stöðugt stjórnarlaun í íslenskum fyrirtækjum.
- Eða er þessi stöðugleiki kannski fólgin í því að halda launum verkafólks stöðugt niðri.
- Eða er stöðugleikinn fólgin í því að stöðugt skuli það vera verkafólk sem beri eitt ábyrgð á þessum margfræga stöðugleika.



Ég blæs á þetta hagfræðingatungutak um stöðugleika því þetta tungutak er bara notað þegar kemur að því að semja um kaup og kjör verkafólks á hinum almenna vinnumarkaði. Það að raska stöðugleikanum heyrir aldrei þegar efri lög samfélagsins skammta sér launahækkanir eins og enginn sé morgundagurinn. Hver man ekki þegar seðlabankastjóri hótaði íslensku verkafólki stýrivaxtahækkun í kjölfar kjarasamninganna 2011 ef launakröfur verkafólks yrðu ekki afar hófstiltar? Þessi sami seðlabankastjóri fór svo sjálfur þetta sama ár og stefndi bankanum sínum og vildi fá leiðréttingu sinna launa upp á 300.000 krónur á mánuði.

Af hverju heyrir ekkert í Samtökum atvinnulífsins þegar æðstu stjórnendur hækka laun sín jafnvel um milljónir á mánuði eins og t.d. forstjóri Bláa lónsins sem jafnframt er formaður Samtaka ferðaþjónustunnar? En laun hans hafa hækkað frá árinu 2011 úr 3 milljónum í 6,4 milljónir. Og hvað með stjórnarlaunin hjá Bláa lóninu en stjórnarlaunin stökkbreyttust þar í fyrra og fyrir einn fund á mánuði eru stjórnarmenn með 525 þúsund og stjórnarformaður með um 900 þúsund.

Hvað með græðgivæðinguna sem aftur er búin að skjóta rötum í íslensku viðskiptalífi eins t.d. í bankakerfinu, Eimskip, N1, VÍS, Högum og reyndar miklu víðar í íslensku viðskiptalífi en við vitum öll að kaupaukar, bónusar og ofurlaun er aftur komin á fulla ferð.

Eða hvað með forstjóra Orkuveitunnar sem hefur hækkað um 80-90% í launum á síðustu 4 árum og það gerðist á sama tíma og öllum vanda Orkuveitunnar var varpað miskunnarlaust á viðskiptavini fyrirtækisins eftir bankahrunið. Já, sextíu og fimm starfsmönnum sagt upp störfum, gjaldskrár hækkaðar um 50 til 60% og á sama tíma og þetta gerist þá hefur forstjóri fyrirtækisins hækkað um sem nemur einni milljón á fjórum árum eða nánar tiltekið um 250.000 þúsund að meðaltali á ári!

Ekkert af þessu raskar stöðuleikanum og mikið væri gott ef þessar hækkanir fengju að hríslast niður launastigann til íslensk verkafólks.



Ágætu félagar,

Forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins koma fram í fjölmiðlum afar brúnaþungir og segja að þessi krafa verkafólks sé frá 50% upp í 70% hækkun og slíkt geti aldrei gengið upp.

Hins vegar er rétt að ítreka það að prósentur segja ekki nema hálfan sannleikann þegar fjallað er um launahækkanir hópa og prósentuhækkanir eru algerlega til þess fallnar að blekkja íslenskt verkafólk. Það sem skiptir launafólki mestu máli er hversu margar krónur það fær í sitt launaumslag, ekki prósentur. Það liggur fyrir að ef 1 króna er sett ofan á aðra krónu þá er það 100% hækkun.

Krafa SGS er eins og áður hefur komið fram að lágmarkslaun verði orðin 300.000 kr. innan þriggja ára sem er krónutöluhækkun upp á 99.000 krónur eða sem nemur um 33 þúsundum fyrir hvert ár. Vissulega er þetta prósentuhækkun á samningstímanum upp á um það bil 49% en krónutalan er einungis 99 þúsund á þremur árum. Gefum okkur að stjórnarmenn Samtaka atvinnulífsins sem eru að meðaltali með 3,5 milljónir í laun myndu fá 49% launahækkun. Það myndi ekki skila þeim 99 þúsundum á þremur árum nei það myndi skila þeim 1,7 milljón í launahækkun. Takið enn og aftur eftir, báðir áttu að hafa fengið sömu launahækkun, verkamaðurinn 99 þúsund en forstjórinn 1,7 milljón bara af því að prósentan er sú sama!

Já kæru félagar, prósentur blekkja og það er grátbroslegt þegar forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins og reyndar fleiri standa og öskra hátt og skýrt: lágmarkslaun hafa hækkað mest! Og reka svo út kassann og segja: okkur hefur tekist að verja kaupmátt lægstu launa.

Skoðum þetta rugl aðeins nánar um að allir hafi verið svo góðir og gjafmildir við verkafólk. Í fyrsta lagi voru lágmarkslaun á Íslandi árið



1998 70.000 kr. Núna 17 árum seinna eru þau komin upp í 214 þúsund á mánuði sem gerir hækkun upp á 206%. Og takið eftir, þetta þýðir að kaupmáttaraukning lægstu launa er 70%. Maður myndi ætla að lágtekjufólk hefði það bara fjandi gott eftir að vera búið að fá 70% kaupmáttaraukningu síðastliðin 17 ár. Nei, slíku er ekki til að dreifa enda er hækkunin á 17 ára tímabili úr 70.000 kr. upp í 214.000 kr. Öll vitum við að það er útilokað að lifa á 214.000 kr. lágmarkslaunum. Já enn og aftur, svona er ruglið í kringum prósentur og kaupmáttartal.

Það er rétt að minna aftur á að næstráðendur íslenskra fyrirtækja hækkuðu um 600.000 kr. á mánuði bara á árinu 2013. Málið er líka að við förum ekki í Bónus, Hagkaup, Krónuna eða aðrar verslanir og greiðum með prósentum, við borgum með krónum.

Skoðum aðeins launahækkarnir forstjóra stórra íslenskra fyrirtækja frá 1998. Munið að lágmarkslaun hafa hækkað um 144.000 kr. á 17 árum en hvað skyldu laun forstjóra hafa hækkað um á sama tímabili, sérstaklega í ljósi þess að Samtök atvinnulífsins segja að forstjórar hafi setið eftir í launapróun á undanförunum árum.

- Byrjum á forstjóra ESSO sem núna er N1. Laun hans hafa hækkað frá árinu 1998 úr 1,5 milljón á mánuði í 4,3 milljónir á mánuði sem er um 3 milljóna króna hækkun.
- Hvað með forstjóra Flugleiða sem nú er Icelandair Group. Árið 1998 var hann með 1,1 milljón á mánuði en er í dag með 3,6 milljónir sem er hækkun um 2,5 milljónir.
- Hvað með forstjóra Eimskips. Hann var með 2,3 milljónir á mánuði árið 1998 og er nú með 7,5 milljónir á mánuði – hækkun upp á 5 milljónir á mánuði.

Já þessir snillingar eru svo sannarlega búnir að hugsa um sig. Hafa hækkað í launum frá árinu 1998 um 2,5 milljónir á mánuði upp í 5,2 milljónir á meðan lágmarkslaun hafa einungis hækkað um 144 þúsund á mánuði og takið eftir að þeir trúu því að þeir hafi hækkað um minna



en verkafólk. Svona er nú ruglið og blekkingin í kringum prósentuhækkunir, forstjóri sem hefur hækkað um 3 milljónir á mánuði á að hafa hækkað um minna en lágmarkslaun af því hann nær ekki alveg sömu prósentuhækkun.

Ágætu samherjar,

Það þýðir ekkert fyrir íslensk stjórnvöld að sitja aðgerðalaus með hendur í skauti í þessum kjaradeilum. Það er morgunljóst að stjórnvöld verða að koma að þessari deilu með einum eða öðrum hætti. Það geta þau til dæmis gert með því að hækka persónuafslátt og þá sérstaklega hjá þeim tekjulægstu enda liggur fyrir að hækkun persónuafsláttar kemur þeim tekjulægstu hvað best. Það var ömurlegt að verða vitni að því að við síðustu skattabreytingar stjórnvalda var lágtekjufólkið skilið eftir á meðan hátekjufólkið var að auka ráðstöfunartekjur sínar um 44.000 kr. á mánuði. En þeir sem voru með tekjur undir 250.000 kr. fengu ekki eina einustu krónu í skattalækkun. Við slíkri forgangsröðun er ekki nema eitt að segja – sveiattan!

Þessu til viðbótar þurfa íslensk stjórnvöld að beita sér af fullum þunga fyrir því að sú okurlánastarfsemi sem hér fær að þrífast líði undir lok. Þau vaxtakjör sem hér eru í boði eru íslenskri alþýðu dauðagildra. Að bjóða fólki húsnæðislán óverðtryggð upp á 8% vexti eða verðtryggð upp á 4% vexti eru okurvextir sem nánast mafían á Sikiley væri stolt af. Stjórnvöld verða að beita sér fyrir lækkun vaxta til almennings, afnema hér verðtryggingu og setja þak á neysluvísitölu gamalla verðtryggðra lána. Vextir eru í raun og veru stóra hagsmunamál íslenskra heimila og íslenskrar alþýðu og nægir að nefna í því samhengi að ef vextir myndu lækka um 1% á 25 milljóna króna láni þá myndi það auka ráðstöfunartekjur þess heimilis um 250.000 kr. á ári eða sem nemur 21.000 kr. á mánuði. Þetta er eitt af stóru hagsmunamálunum í íslensku samfélagi. Að hugsa sér að bankarnir séu búnir að hagnast um 300 milljarða frá hruni vegna þess að þeir



fengu afslátt á kröfum almennings úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju og hafa rukkað almenning nánast upp í topp er með ólíkindum.

Landsbankinn hagnaðist um 30 milljarða á síðasta ári og tukið eftir, 5 milljarðar voru vegna þjónustugjalda. Hugsuð ykkur að hagnaður Landsbankans bara vegna þjónustugjalda var hærri en hagnaður stærsta sjávarútvegsfyrirtækis á Íslandi. Þetta er galið!

Kæru félagar,

Það er lýðheilsumál að lagfæra kjör verkafólks og þeirra sem höllustum fæti standa í íslensku samfélagi. Við getum ekki verið með launakjör á íslenskum vinnumarkaði sem ekki duga fyrir þeim framfærsluviðmiðum sem hið opinbera hefur gefið út, í slíku er fólgin algert ómöguleiki.

Ég tel til að mynda að þá miklu fjölgun sem við sjáum á öryrkjum hér á landi megi jafnvel rekja að einhverju leiti til þeirrar láglaunastefnu sem rekin hefur verið hér, en um 19 þúsund manns eru nú á örorku og fjölgar jafnt og þétt. Það segir sig sjálf að þegar lágtekjufólk nær ekki endum saman til að brauðfæða sig og sína þá getur það haft skelfilegar afleiðingar á heilsu fólks. Lágtekjufólk sogast jafnvel inn í myrkur ótta og vonleysis sem getur leitt af sér hina ýmsu heilsufarskvilla jafnt líkamlega sem andlega.

Láglaunastefnan er dauðans alvara og það er ekki bara að hún geti leitt til aukinnar örorku heldur leiðir láglaunastefnan til aukins álags á velferðar-,heilbrigðis-, og félagslega kerfið.

Ég hef sagt það áður og segi það enn og aftur, það er Samtökum atvinnulífsins, verkalýðshreyfingunni og í raun og veru samfélaginu öllu til ævarandi skammar að vera með launakjör verkafólks þannig að þau dugi ekki fyrir nauðpurftum á milli mánaða.



Ég hef líka sagt að það græði allir á því að lagfæra kjör verkafólks svo um munar, ekki bara verkafólkið sjálft, heldur kemur það sér líka vel fyrir ríki og sveitarfélög sem fá hærri skatttekjur. Aukin kaupgeta verkafólks kemur sér líka vel fyrir verslun og þjónustufyrirtæki. Semsagt, allir græða!

Það er morgunljóst að í komandi kjarasamningum mun íslenskt verkafólk láta sverfa til stáls en 95% verkafólks á landsbyggðinni samþykkti að hefja verkfall í gær. Ég er stoltur að íslenskt verkafólk sé tilbúið til að berjast fyrir sínum sanngjörnu kröfum af alefli og krefjast þess að þjóðarkökunni verði skipt með sanngjörnum hætti þannig að allir Íslendingar geti lifað með mannlegri reisn.

Ég ítreka það að hækkun lágmarkslauna er lýðheilsumál því allir sem hafa lent í því að ná ekki endum saman á milli mánaða og eiga ekki fyrir mat handa börnum sínum vita hverslags sálarangist og vanlíðan slíku ástandi fylgir fyrir alla á heimilinu.

Þetta þekki ég af eigin raun því ég og konan mín áttum orðið 4 börn einungis 27 ára gömul og við þurftum að brauðfæða okkur og okkar börn á verkamannalaunum sem var eðli málsins samkvæmt ómögulegt. Þessa reynslu mína hef ég ætíð að leiðarljósi í mínum störfum sem forystumaður í verkalýðsfélagi og geri mér því algerlega grein fyrir því að sú láglaunastefna sem hér er rekin er dauðans alvara fyrir samfélagið allt og kjör verkafólks verður að lagfæra og það verður gert í þessum kjarasamningum með góðu eða illu!

Að lokum kæru félagar, við erum rík og hér á enginn að þurfa að líða skort. Hér eiga allir að geta haft það gott, ekki bara sumir. Það verður að skipta þjóðarkökunni með sanngjörnum og réttlátum hætti. Við erum svo rík af auðlindum að það hálfra væri haugur. Við eigum glæsilega sjávarauðlind, við eigum orkuauðlindirnar okkar og við eigum mannauðinn. Og síðast en ekki síst eigum við landið okkar og það er landið okkar sem er í raun og veru orðið okkar stærsta gjaldeyrisöflunartæki í gegnum ferðaþjónustuna. Og við



Akurnesingar, við getum svo sannarlega horft bjartsýn fram á veginn. Við höfum gríðarlega styrkar og öflugar stoðir í okkar atvinnulífi. Nægir að nefna öll sterku sjávarútvegsfyrirtækin, minni sprotafyrirtækin og síðast en ekki síst stóru, öflugu fyrirtækin á Grundartanga. Og núna liggur fyrir að við erum að fara að fá nýtt vistvænt stóriðjufyrirtæki í sólarkísilframleiðslu sem mun skapa um 450 ný gjaldeyrisskapandi störf. Það er því mikilvægt að við höldum rétt á hlutunum og skiptum þjóðarkökunni með sanngjörnum, réttlátum og eðlilegum hætti þannig að allir geti haft það gott en ekki bara sumir eins og áður sagði.

Takk fyrir.